



Skjal þetta er úr Skjalasafni AFLs

Samþykkt á stjórnarfundum AFLs Starfsgreinafélags 4. maí 2009

Stjórn AFLs Starfsgreinafélags lýsir áhyggjum af hugmyndum sem uppi eru meðal stærstu félaga Starfsgreinasambandsins um mögulega úrsögn úr Starfsgreinasambandi Íslands. Stjórn AFLs ítrekar fyrri áhyggjur sínar af því að á komandi misserum verði harðari barátta um kaup og kjör og ýmis grundvallarréttindi almennings, sem náðst hefur fyrir tilstilli verkalýðsbaráttu, og áréttar þá skoðun sína að mikil þörf sé fyrir samhenta og einarða forystu innan verkalýðshreyfingarinnar.

Með úrsögn stærstu félaga úr Starfsgreinasambandi Íslands tapar sambandið því forystuhlutverki sem það hefur haft innan verkalýðshreyfingarinnar. Ljóst er að almennt verkafólk í landinu hefur þá ekki lengur sameiginlegan málsvara og baráttutæki fyrir sameiginlegum málum.

Klofningur Starfsgreinasambandsins breikkar þá gjá milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis sem myndaðist með tilurð Flóabandalagsins og festir hana í skipulagi verkalýðshreyfingarinnar. Þetta getur einungis orðið vatn á myllu þeirra sem takmarka vilja áhrif og völd verkalýðshreyfingarinnar.

Stjórn AFLs felur formanni að undirbúa tillögu til aðalfundar þess efnis að félagið kanni í sumar og fram að ársfundi ASÍ nk. haust og haustþings SGS, hver staða félagsins verður komi úrsagnir stærstu félaga til framkvæmdar. Einnig að skoða tilgang og hlutverk þess hluta Starfsgreinasambandsins sem eftir verður og kanna hvort ástæða verður fyrir AFL að vera hluti þess sem og annarra landsambanda sem félagið á aðild að.

Formanni og starfsfólki er falið að standa fyrir könnun á viðhorfi félagsmanna m.a. með rýnihópum á einstökum svæðum félagsins svo og innan starfs- og atvinnugreina félagsmanna. Stjórnin telur nauðsynlegt að kynna málið á aðalfundi og óska umboðs fundarins til að fara í þessa vinnu enda er um stefnumarkandi ákvörðun að ræða í kjölfar þeirra ályktana sem samþykktar hafa verið á aðalfundum m.a. Eflingar og Vsfk.

Að lokum hvetur stjórn AFLs Starfsgreinafélags félaga sína innan verkalýðshreyfingarinnar að vinna að eflingu samstöðu hreyfingarinnar enda verða verkefni fyrir sameiginlegt Alþýðusamband þar sem einurð og samstaða verður höfð að leiðarljósi, ærin næstu misseri.